



## Losun gróðurhúsalofttegunda nálgast sama stig og fyrir faraldur

*Losun gróðurhúsalofttegunda jókst um 3,3% á árinu 2021 eftir verulega minnkun næstu tvö ár þar á undan. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var heildarlosun hagkerfisins 2021 þó um fjórðungi minni en var á árinu 2018.*

Losun frá atvinnulífi á Íslandi minnkaði um 14% 2019 og 19% 2020 og átti gjaldþrot WOW air og fækkun ferðamanna hlut að máli árið 2019. Losun heimila minnkaði um 4% 2019 og svo um 13% á árinu 2020.

Samanburður milli fjögurra fyrstu mánaða hvers árs sýnir þróunina nær í tíma. Heildarlosun frá hagkerfinu jókst um 6% milli 2021 og 2022, fyrst og fremst vegna 6,7% aukningar frá atvinnulífinu. Losun frá heimilum fyrstu fjóra mánuðina í ár hefur hins vegar minnkað um u.þ.b. 1% frá árinu 2021.

Stærstur hluti losunar frá heimilum er vegna flutninga. Skráningu rafmagnsbíla heimila fjölgaði nokkuð á seinni helmingi ársins 2021 sem væntanlega hefur áhrif á þessar tölur. Þessar tölur byggja á sölu eldsneytis á bensínstöðvum og akstursskráningu ökutækja.


### Mismunandi þróun meðal atvinnugreina

Fjórar greinar hafa losað um og yfir 80% af heildarlosun atvinnulífsins síðustu ár. Þetta eru landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar, framleiðsla málma, flutningar á sjó og flutningar með flugi. Þróunin í þessum greinum hefur verið ærið mismunandi á síðustu árum.


Mikill stöðugleiki ríkir í losun tveggja fyrstnefndu greinanna. Losun frá landbúnaði, skógrækt og fiskveiðum var 11% minni 2021 en var 2016. Losun við framleiðslu málma var svipuð 2021 og 2016.

Losun frá flugi jókst töluvert frá 2016 til 2018 í takt við mikla fjölgun ferðamanna hingað til lands. Losunin minnkaði svo verulega 2019 og 2020. Losun frá flugi á árinu 2021 var 76% minni en árið 2016. Sé litið á samanburð fyrstu fjögurra mánaða hvers árs má hins vegar sjá að losun frá flugi hefur


### Losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands



### Losun gróðurhúsalofttegunda - fyrstu 4 mánuðir árs



### Losun gróðurhúsalofttegunda frá hagkerfi Íslands





aukist verulega, eða rúmlega fjórfaldast á milli árunum 2021 og 2022. Ferðaþjónustan tók ekki almennilega við sér fyrr en í maí á þessu ári þannig að búast má við að losunartölurnar frá flugi fari að nálgast það sem áður var.

Losun frá sjóflutningum minnkaði töluvert á árunum 2018-2020 en jókst svo aftur verulega í fyrra.


Í þessum tölum Hagstofunnar er litið til losunar frá rekstri íslenskra aðila hvar sem hann á sér stað í heiminum og er notuð sama skilgreining og í þjóðhagsreikningum.

### ***Svipuð staða fyrir heiminn allan***


Losun gróðurhúsalofttegunda minnkaði um 4,6% í heiminum 2020 og stóðu vonir margra til þess að það væri upphafið af nýjum tímum með sífellri minnkun losunar. Nú sýna tölur að áframhaldandi minnkun var ekki raunin þar sem losunin jókst um 6,4% í fyrra og náði aftur því stigi sem hún var á áður en faraldurinn brast á. Helstu ástæðu aukningar er að finna í iðnaðar- og orkuframleiðslu á meðan aukningin hjá heimilum og í flutningum er enn ekki mikil.

Nýjar aðstæður varðandi orkuframleiðslu- og notkun auka ekki bjartsýni um að draga fari verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu árum. Stríðið í Úkraínu og lokun á orkukaup frá Rússlandi hafa breytt aðstæðum mikið og snögglega í þá átt að heimurinn verður háður mikilli notkun jarðefnaeldsneytis lengur en margir óskuðu eftir.

### **Losun gróðurhúsalofttegunda - fyrstu 4 mánuðir árs**



### **Losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum - árstíðaleiðrétt**



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.